**Nd.** **539. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

**1. gr.**

Á eftir fyrra málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsl.: Kosnir skulu og með sama hætti 5 varamenn í stjórnina, til jafnlangs tíma. Eigi skal þó kveðja varamann til starfa nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá.

**2. gr.**

**Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og skal á því þingi, er samþykkir lögin, kjósa varamenn fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili núverandi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins.**